



Reykjavík 24. janúar 2022

Brot Festu lífeyrissjóðs gegn 37. gr. og 39. gr. b. laga nr. 129/1997

Við yfirferð Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið), í nóvember 2021, á gögnum Festu lífeyrissjóðs um sundurliðun fjárfestinga vegna þriðja ársfjórðungs 2021 kom í ljós að eign séreignardeildar Festu lífeyrissjóðs, Sparnaðarleiðar 1, í einum verðbréfasjóði hafði farið umfram lögbundin mörk skv. 3. mgr. 39. gr. b. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hóf Fjármálaeftirlitið í kjölfarið frekari skoðun á málinu.

Á grundvelli gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að eftirlitskerfi lífeyrissjóðsins hafi ekki verið fullnægjandi hvað varðar vöktun á vægi tiltekinna eigna af heildareignum, m.a. til að tryggja að vægi þeirra færi ekki yfir lagaleg takmörk, sbr. 3. mgr. 39. gr. b. laga nr. 129/1997. Af þeim sökum hafi lífeyrissjóðurinn hvorki tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um brotið né gripið til ráðstafana til úrbóta, sbr. 37. gr. laga nr. 129/1997.

Fjármálaeftirlitið gerði því eftirfarandi þrjár athugasemdir við Festu lífeyrissjóð:

- Að eign Sparnaðarleiðar 1 í tilteknum verðbréfasjóði hafi farið yfir 20% lögbundið hámark í sama útgefanda sem hlutfall af heildareignum, sbr. 3. mgr. 39. gr. b. laga nr. 129/1997.
- Að Festa lífeyrissjóður hafi ekki tilkynnt brotið tafarlaust til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 37. gr. laga nr. 129/1997.
- Að Festa lífeyrissjóður hafi ekki tryggt fullnægjandi vöktun á lögbundnu hámarki í einstökum verðbréfasjóðum sem hlutfall af heildareignum, sbr. 1. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997.

Lífeyrissjóðurinn hefur þegar komið eign sinni í umræddum verðbréfasjóði undir lögbundin mörk.